

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Lækjarhvammur, L167642, Bakkabraut 12, 14 og 16, frístundahúsa-svæði.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til þriggja lóða við Bakkabraut í landi Lækjarhvamms innan frístundasvæðis F20. Í deiliskipulagsbreytingunni felst skilgreining á lóð, Bakkabraut 16, sem bætist við núverandi deiliskipulagsupprátt. Skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir að öðru leyti.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. mars 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. apríl 2025.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 9. maí 2025